



HAUKUR ARNÞÓRSSON

Netvæðing Alþingis

UM ALÞINGI

Alþingi er í senn elsta stofnun íslensku þjóðarinnar og sú æðsta. Það er talið stofnað á Þingvöllum árið 930 og markar sá atburður upphaf þjóðríkis á Íslandi. Með stofnun þess hefst samfelld saga íslensku þjóðarinnar. Alþingi var endurreist í Reykjavík 1845 og hefur starfað reglulega frá þeim tíma og haldið alls 119 þing.

Alþingi fer ásamt forseta Íslands með löggjafarvaldið, eina þriggja greina ríkisvaldsins samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins. Alþingi fer með fjárværavaldið og ríkisstjórn starfar í umboði þess. Áhrif þess á framkvæmdavaldið eru því mikil. Þá kýs það menn til setu í mikilvægum stjórnnum og nefndum á vegum ríkisins. Alþingi er einnig sá vettvangur þar sem fram fer þýðingarmesta stjórnmálaumræðan í landinu.

Löggjafarstarfið er meginhlutverk Alþingis. Frumvörp til laga eru af tvennum toga, stjórnarfrumvörp, flutt af ríkisstjórninni að forgöngu þess ráðherra sem málið heyrir undir, eða þingmannafrumvörp, sem eru flutt af einum eða fleiri þingmönnum. Þingnefndir geta einnig lagt fram frumvörp. Frumvörp eru rædd við þrjár umræður. Ljúki þriðju

umræðu með samþykkt frumvarps sem laga frá Alþingi er það sent ríkisstjórninni sem leitar staðfestingar forseta Íslands. Síðan eru lögir birt í Stjórnartíðindum og hljóta þau þá fyrst gildi.

Þingsályktanir fela í sér stefnuyfirlýsingar eða ákvarðanir Alþingis án þess að þær hafi lagagildi. Oft fela þær í sér áskorun á ríkisstjórnina um að sjá um framkvæmd verkefnis, undirbúa löggjöf eða rannsaka tiltekið mál.

Almenningi býðst að fylgjast með störfum Alþingis. Alþingi gefur út Alþingistíðindi. Þau eru gefin út í tveimur deildum, A-deild sem eru þingskjöl og B-deild sem eru þingræður. Auk þess er að afloknu hverju þingi gefið út viðamikið efnisyfirlit. Fylgjast má með þingfundum af þingpöllum. Beinar sjónvarpsútsendingar eru frá fundum Alþingis. Aðgangur að tölvutexta Alþingistíðinda og upplýsingum í gagnasafni Alþingis er nú opinн frá Internetinu.

TENGING VIÐ INTERNET

Tengingu við Internetið var komið á haustið 1990. Í fyrstu var notað upphringisamband einvörðungu fyrir tölvupóst og þróaðist það í nokkrum skrefum til núverandi myndar. Sambandið er nú á leigðri línu til INTIS (Internet á Íslandi hf.) með viðunandi samskiptahraða og veitir alla helstu Internet-þjónustu. Meginástæðan fyrir uppsetningu tengingar við Internet var í upphafi öflun upplýsinga.

Pannig hefur tölvudeild þingsins verið á póstdreifilistum um tæknileg málefni frá haustinu 1990 og síðar í áskrift að ráðstefnum. Dreifing upplýsinga um tækni Internetsins fer nú að mestu fram á ráðstefnukerfi, Veraldarvef og ftp (skráaflutningsþjónustu) þess. Útgáfa prentaðra bóka um netið er vissulega mikil að vöxtum og fjölbreytt nú upp á síðkastið, en svo hratt þróast ákveðnir hlutar netsins að því er haldd fram í gamni og alvöru að upplýsingar tæknilegs eðlis séu úreltar þegar þær birtast á bók.

Miðlun upplýsinga á Internetinu um starfsemi Alþingis hófst haustið 1994 á Veraldarvefnum. Veturinn 1994 til 1995 var um tilraunastarfsemi að ræða. Tilraunin gengur út á að opna aðgang að gögnum um störf Alþingis og textaleit í Alþingistíðindum. Pannig hefur skrifstofan verið

að skoða tæknilega möguleika þess að túlka upplýsingaskyldu Alþingis víðar en áður hefur verið gert.

Viðtökurnar við þessari nýbreytni hafa verið góðar. Einkum höfum við fengið ákveðin viðbrögð frá skólum á ýmsum stigum og opinberum stofnunum. Þá hafa margir Íslendingar erlendis haft samband og virðast þeir nota vefinn okkar mikið. Í skólum hefur það gerst að kennrar eru farnir að benda á vef Alþingis sem heimild við ritgerðarvinnu af ýmsu tagi.

Í framhaldi af þessari tilraun hefur verið unnið að breytingum sem varða útgáfu gagna á vefnum. Þær felast m.a. í endurbættri framsetningu. Tölvuvinnslu þingræðna hefur verið breytt þannig að þær eru slegnar inn í HTML-skjöl. Við þá breytingu vinnst helst að þær eru í sniði sem er tilbúið til birtningar á vefnum og verða sýnilegar þar þegar prófarkalestri er lokið - og eru ræður því gefnar út á vefnum áður en þær eru prentaðar. Hér er um sögulega breytingu að ræða.

Vinnsla þingskjalas hefur einnig breyst þannig að prófarkalestri og endanlegum frágangi textans er flýtt. Tölvutexti þingskjalas ætti í flestum tilfellum að koma út á vefnum um leið og þingskjali er útbýtt í þingsal.

NOTKUN INTERNETSBÚNAÐAR

Einkum er fernskonar þjónusta Internetsins nýtt af Alþingi:

Tölvupóstur er notaður í samskiptum við útlönd, jöfnum höndum við fax. Þar sem kostnaður við tölvupóstsendingar á Internetinu er verulega minni en við faxsendingar vinnur tölvupósturinn á. Ég vænti þess að alþjóðasamskipti þingsins og þingmanna muni að verulegu leyti verða með tölvupósti í framtíðinni. Hann er að nokkru leyti notaður í samskiptum við aðrar stjórnsýslustofnanir og stórfyrirtæki innanlands, þ.e. þeirra sem hafa tölvuvæðst þannig að þær geti unnið með Internet-tölvupóst. Minni fyrirtæki og félaga- og hagsmunasamtök eru að jafnaði ekki tölvuvædd enn sem komið er.

Samskipti við fjölmíðla eru að flyttjast í tölvupóst. Morgunblaðið varð fyrst fjölmíðla til að bjóða slíka þjónustu, en DV fylgdi á eftir og nú eru aðrir fjölmíðlar, stærri og minni, að koma sér upp póstsambandi. Er það góð tilfinning fyrir greinarhöfunda að vita að tölvutexti þeirra verður birtur óbreyttur í fjölmíðli en villur slæðast ekki inn við setningu.

Með notkun viðhengja (e. attachments), sem eru tvíundarstrengir áfastir textapósti, sem er hinn hefðbundni póstur, hefur opnast möguleiki á að senda í tölvupósti skjöl í sniði ritvinnslukerfa. Viðhengin gera tölvupóst miklu álitlegri kost í skrifstofuumhverfi en áður var.

Veraldarvefurinn er sú þjónusta Internetsins sem mest er notuð á Alþingi bæði til upplýsingaleitar og dreifingar gagna eins og fram hefur komið. Af einstökum gagnasöfnum hefur greinasafn Morgunblaðsins verið mest notað. Búast má við verulega aukinni notkun vefsins í framtíðinni. Uppflettingar í gagnasöfnum eru mikilvægastar enn sem komið er, en viðskiptaheimurinn er að byrja að færa sig á vefinn og einnig fjölmíðlar og fréttastofur.

Ftp (gagnaflutningur) er mikið notað af tölvudeild Alþingis til að ná í hugbúnað af ýmsu tagi út á Internetið. Það er einnig í nokkurri notkun innan staðarnets þingsins og þá hagnýtt til sjálfvirkra gagnaflutninga milli véla og gagnasafna.

Ráðstefnukerfi Internetsins hafa ekki náð mikilli útbreiðslu á Íslandi. Enginn vafi er á því að þau kunna að henta vel til skoðanaskipta hér á landi og þá ekki síst á sviði stjórnmála.

FRAMTÍÐIN

Krafa um aðgengi að tölvutexta opinberra gagna sem varða almenning er alls staðar hávær í okkar heimshluta. Virðast stjórnvöld vera að bregðast við þessari kröfu, þó vissulega sé það með mismunandi hætti. Internetið er einn af þeim miðlum sem hvað mestur áhugi er fyrir og þá einkum vefurinn.

Veraldarvefurinn hefur nokkra kosti umfram aðrar lausnir í þessu tiliti. Fyrst og fremst ber að nefna tengingu upplýsinga (millivísanir) sem eru vistaðar á ólíkum vefum. Þessi möguleiki er einstakur og býður upp á samvinnu um framsetningu gagna. Ekki verður séð að nokkur önnur tækni en vefurinn geti boðið jafnþjála tengingu upplýsinga. Þannig getur tilvitnun í texta, t.d. tilvísun í lög í opinberum texta, verið millivísun í sjálft skjalið með lagatextanum. Í lagatextanum geta síðan verið millivísanir og þannig koll af kolli. Stofnanirnar sem geyma gögnin geta verið fjölmargar og samvinna þeirra þarf ekki að vera um annað en millivísanir og skráarheiði.

Í öðru lagi hefur vefurinn það fram yfir t.d. gögn á geisladiski að gögnin eru ekki óbreytanleg. Það er nauðsynlegt þegar unnið er með gögn sem eðlis síns vegna breytast eða við þau bætist. Gott dæmi um þetta er símaskráin, en ekki síður lög og tilskipanir stjórnvalda.

Í þriðja lagi gerir vefurinn ráð fyrir að skjöl séu vistuð í stöðluðu formi, þ.e. samkvæmt útfærslu af ISO 8879 (Information Processing - Text and office systems - Standard Generalized Markup Language) sem er sérstök fyrir vefinn. Svo útbreidd er notkun þessa staðals að önnur vistunarsnið fyrir opinber skjöl koma varla til álita.

Full ástæða er því til að ætla að notkun á þjónustu Internetsins fari hratt vaxandi á komandi misserum. Mjög erfitt er að ímynda sér annan vettvang til miðlunar upplýsinga á textaformi. Fáir munu tilbúnir að snúa til baka til þess tíma þegar hver gagnabanki gerði ráð fyrir beinni upphringingu til sín, sérstökum hugbúnaði til leitar í gögnum og jafnvel sérstökum vélbúnaði fyrir tenginguna.

Upplýsingaþörf löggjafans er vaxandi. Kemur þar margt til, s.s. alþjóðlegar skuldbindingar sem kalla á ákveðið samræmi í lagasetningu milli ríkja, aukið samráð við hópa og einstaklinga við lagasetningu, opnara löggjafarstarf o.fl.

Unnið verður að því að mæta þessari þörf og það getur Alþingi gert til dæmis með því að skrá gögn aftur í tímann þannig að gagnasafn þingsins gefi eins heillegt yfirlit yfir störf þess og kostur er á. Rætt hefur verið um í þessu sambandi að takmarkið sé að tölvuskrá öll gögn frá Alþingi frá því að það var endurreist 1845.

Þá er ekki síður mikilvægt að vinna að bættri tengingu við gagnabanka, bæði innanlands og utan. Í því efni eru gögn framkvæmdarvaldsins nærtæk og þá sérstaklega lagasafnið, EES-samningurinn, alþjóðlegir samningar og skuldbindingar, reglugerðir, gjaldskrár o.fl. sem stjórnvöld gefa út samkvæmt heimildum í lögum, en skipuleg tölvuskráning þessara gagna hlýtur að vera forgangsverkefni. Þá eru erlendir gagnagrunnar um lög, löggjafarstarf og reglur og stjórnmálaumræður mikilvægar heimildir, sérstaklega evrópskir, og þá með höfuðáherslu á ESB annars vegar og norrænu ríkin hins vegar.

Haukur Arnþórsson er deildarstjóri tölvudeildar Alþingis.